

Mál nr  
1307264

Þóra Þórisdóttir  
Sigurður Magnússon  
Austurgötu 47, 220 Hafnarfirði



Minjastofnun  
Íslands

Reykjavík, 1. ágúst 2013  
Tilvísun: xxxx

Erindi: Austurgata 47, Hafnarfirði

Í bréfi 30. júlí 2013 leitar Pétur Örn Pétursson, f.h. húseigenda, álits Minjastofnunar Íslands vegna fyrirspurnar um endurreisn vinnuhúss, gerð tengibygginga milli framhúss og bakhúss og fleiri breytingar á húsinu við Austurgötu 47, 200 Hafnarfirði.


Elsti hluti hússins við Austurgötu 47, timburhús - ein hæð og ris, er byggður 1917 samkvæmt Fasteignaskrá. Húsið stóð upphaflega innar á lóðinni. Árið 1929 var steipt ný jarðhæð með verslunargluggum fram við götuna. Var timburhúsinu lyft ofan á jarðhæðina og öðru húsi bætt þar við hliðina, með mænisstefnu þvert á fyrra húsið. Saman mynda þessir húshlutar eina heild í núverandi húsi. Fljótlega eftir stækkun og hækkun hússins var reist hús á baklóð og einlyft bygging, svonefnt vinnuhús, fram við götuna, til hliðar við aðalhúsið.


Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa. Húsið Austurgata 47 stendur á áberandi stað miðsvæðis í Hafnarfirði. Í húsaskráningu Bygðasafns Hafnarfjarðar frá 2008 er húsið talið vera mikilvæg tenging við götumynd Austurgötu, það eigi sér ríka byggingar- og menningarsögu og varðveislugildi þess sé nokkuð.

Sótt er um að endurbyggja vinnuhúsið í svipaðri stærð og hæð. Auk þess verður það tengt aðalhúsinu með einnar hæðar millibyggingu. Ofan á millibygginguna kemur litil viðbygging við suðurhlið gamla hússins þar sem verða dyr út á svalir á þaki vinnuhúss. Tillagan felur ekki í sér aðrar breytingar á elsta hluta hússins. Stækkun jarðhæðar í formi tengibygginga er lítt eða ekki sýnileg frá götu og hefur hverfandi áhrif á heildarútlit hússins og stærðarhlutföll. Endurhönnun vinnuhússins tekur mið af mælikvarða og útlitseinkennum eldra hússins.

*Að máli Minjastofnunar Íslands mun breytingin sem sótt er um ekki rýra minjagildi hússins Austurgötu 47. Áhersla er lögð á að gera breytinguna sem minnst áberandi í umhverfinu og samræma hana sem best gamla húsinu. Ekki er gerð athugasemd við erindið.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Guðmundur Guðmundsson  
arkitekt

  
Pétur H. Ármannsson  
arkitekt

Afrit:  
Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar

